

Nr. 153

27. janúar 2014

## AUGLÝSING um gjaldskyldu á bílastæðum í Reykjavík.

Bílastæðanefnd Reykjavíkurborgar ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 9. desember 2013 og auglýsir þá ákvörðun hér með tilvísun í 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

Almenn bílastæði á Rauðarárstíg milli Laugavegs og Bríetartúns, Bríetartúni, Þórunnartúni og Borgartúni vestan Katrínartúns verði gjaldskyld og skilgreind sem gjaldsvæði II með tímagjaldinu 120 kr. á klukkustund.

Almenn bílastæði á Guðrúnartúni verði gjaldskyld og skilgreind sem gjaldsvæði III með tímagjaldinu 80 kr. fyrstu tvær klukkustundir og 20 kr. á klukkustund eftir það.

Ákvörðunin tekur gildi við birtingu.

*Borgarstjórin í Reykjavík, 27. janúar 2014.*

**Jón Gnarr.**

---

B-deild – Útgáfud.: 12. febrúar 2014